

**1- Rafmagnsgítarinn og effekta pedalar**, 60min. 2x (hámark 8 nemendur)

Þri. kl. 16 og fös. kl. 17 í stofu 2

Námskeið fyrir gítarnemendur á öllum aldri.

Kennari: Kristinn Smári Kristinsson

Kynning á mismunandi gerðum gítara og meginstefnum rafgítartónlistar. Farið verður yfir hvað allir takkarnir gera, hvernig maður stillir gítarmagnann og notar gítareffekta. Við prófum okkur áfram með helstu gerðir gítarpedala - Delay, Distortion, Modulation og könnum jafnvel nýrri effekta á borð við Freeze og Synth9 !

2- Effektar og tilraunir, 60min. 2x (hámark 8 nemendur)

Þri. kl. 15 og fös. kl. 16 í stofu 2

Fyrir lengra komna nemendur.

Kennari: Kristinn Smári Kristinsson

Hvað gerist þegar maður sendir klarinett eða fiðlu í gegnum effekta á borð við Granular Delay, Pitchshift og Reverb?

Inngangur inn í heim raftónlistar og notkun klassískra hljóðfæra með helstu gerðum effekta. Við mögnum upp hljóðfærin og könnum möguleika hljóðfæranna með rauntíma hljóðvinnslu !

3- Leynist poppari í þér? 60 mín. 3x (hámark 15 nemendur)

Fim. kl. 15, 17 og 18 í gamla bakhúsi

Kennari: Ólafur Elíasson

Viltu læra að leika popplög á píanó þótt þú kunnir ekki baun á píanó?

Farið í alveg ótrúlega auðvelt kerfi til að geta bjargað sér með að leika undir popplög á píanó. Ef draumurinn er að vera sá sem heldur uppi stuðinu í partíunum á píanóið, leitið ekki lengra.

4- Dægurtónlist popp og rokk, 60 mín. 4x (ekki hámark)

Mán. kl. 15 og kl. 16, fim. kl. 17 og 18 í stofu 2.

Kennarar: Birna Björnsdóttir og Sturla Einarsson

Skemmtilegir tímar sem gefa nemendum innsýn inn í helstu stefnur og stíla dægurlagatónlistar með umræðu, mynd og hljóðdæmum. Við fléttum líka saman við hvernig tiskan og tíðarandinn var á hverjum tíma.

Byrjum rétt áður en Bítlarnir koma fram, og á Íslandi Hljómar. Förum síðan í Hippatímamann, Stuðtímamann/Diskó og endum á að kynna Pönkinu með því að horfa á myndina **Rokk í Reykjavík**.

Skemmtilegir tímar og frábært ef þið komið með óskalög með uppáhaldshljómsveitinni ykkar frá þessum tíma.

5- Syngjum saman, 60 mín. 2x (ekkert hámark)

Þri kl. 18 í gamla bakhúsi og mið. kl. 15 í stofu 2.

Kennari: Birna Björnsdóttir

Söngur bætir og kætir. Mættu í söngtíma og þú átt ekki eftir að sjá eftir því. Söngstund þar sem sungin verða einródduð lög og keðjusöngvar.

6- Slökun og innra ævintýri. 30 mín. 4x (hámark 8 nemendur)

Mán. þri. mið. og fim. kl. 16 niðri á bókasafni (stofa 10)

Kennari: Jónas Sen

Hér munum við slaka á við ljúfa tónlist. Við ætlum að kyrra hugann og beina honum inn á við, þar sem allt er hægt. Slökun er góð og nauðsynleg og við ætlum að nota hana til að hjálpa okkur í tónlistarnáminu.

7- Garage Band á iPad, 60 mín. 5x (hámark 8 nemendur)

Mán. kl. 15, þri kl. 17, mið. kl. 17, fim. kl. 15 og föst. kl. 16. Alla dagana á biðstofu.

Kennari: Jónas Sen

Hér verður haft gaman og sköpuð spennandi tónlist!

Garage Band er einfalt tónsmíða- og hljóðvinnsluforrit. Þar eru alls konar tóndæmi sem má leika sér með. Einnig eru þar sýndarhljóðfæri sem hver sem er getur spilað á og blandað saman. Þar má líka búa til danstónlist.

Til að fá sem mest út úr námskeiðinu er mælt með að koma með sinn iPad með Garage Band uppsettu ásamt heyrnartólum.

8- Kann pabbi þinn á fiðlu? 30 mín. 2x (ekkert hámark)

Mið kl. 16 og fim kl. 17 í stofu 3

Kennari: Anna Rún Atladóttir

Kann pabbi þinn á fiðlu eða selló? Eða mamma? Tími með foreldrum þar sem nemendur kenna foreldrum sínum á strengjahljóðfærið sitt.

Einnig opið fyrir aðra nemendur skólans sem langar að prófa að spila á fiðlu eða selló.

9A- Risa strengjatími - yngri, 30 mín. 1x (ekkert hámark)

Mán. kl. 17 í stofu 2

Kennari: Anna Rún Atladóttir

Hóptími eins og þeir gerist skemmtilegastir! Ætlað strengjanemendum frá byrjendum að grunnprófi.

9B- Risa strengjatími - eldri, 30 mín. 1x (ekkert hámark)

Fös. kl. 14:30 í stofu 1

Kennari: Anna Rún Atladóttir

Hóptími eins og þeir gerist skemmtilegastir! Ætlað strengjanemendum sem eru búnir að ljúka grunnprófi.

10- Sinfóníuhljómsveit Íslands heimsótt, 60 mín. 1x (ekkert hámark)

Þri. kl. 14 í Hörpu – mæting kl. 13:30 í Tónmenntaskólanum.

Kennarar: Brjánn Ingason og Áslaug Gunnarsdóttir

Við heimsækjum Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu, fylgjumst með æfingu og förum að skoða baksviðs í Eldborg.

11A- Rytmafjör 1 – Leikum okkur með rytma, 60mín. 2x (hámark 8 nemendur), aldur 7-9 ára.

Mán. og mið. kl. 16 í stofu 1

Kennari: Olga Björk Lövdahl

Spuni, leikur og hlustun. Leikum okkur með rytma á fleiri en einn máta og gægjumst inn í rytma-heim tónlistarinnar. Hvaða áhrif hefur rytminn á tónlistina?

11B- Rytmafjör 2 – Leikum okkur með rytma, 60mín. 2x (hámark 8 nemendur), aldur 10 - 12 ára.

Mán. og mið. kl. 17 í stofu 1

Kennari: Olga Björk Lövdahl

Spuni, leikur og hlustun. Leikum okkur með rytma á fleiri en einn máta og gægjumst inn í rytma-heim tónlistarinnar. Hvaða áhrif hefur rytminn á tónlistina?

12- Nótnaskrift á tölvu með MuseScore, Námskeiðið er í tveimur hlutum 2 x 60 mín, nemendur mæta í bæði skiptin (hámark 6 nemendur)

Mán. og fim. kl. 16 í stofu 3.

Kröfur - Grunnpróf í tónfræði (4. bekkur)

Kennari: Þorkell Atlason

Átt þú frumsamið lag eða hugmynd að lagi? Þá er gaman að að skrifa það á nótur með forritinu MuseScore. Hér læra nemendur að setja upp nótnalínur, setja inn nótur og merki og loks prenta út.

13- Gítarinn - skipt um strengi, 60 mín. 1x (hámark 6 nemendur)

Mán. kl. 17 í stofu 3.

Nemendur þurfa að mæta með gítar og nýja strengi

Kennari: Þorkell Atlason

Gítarstrengir eiga það til að slitna og þá er gott að kunna tükina á að skipta um strengi og stilla hljóðfærið. Skoðum líka hvernig best er að halda hljóðfærinu í sem bestu standi.

14- Inngangur að jazz spuna! 60 mín. 2x (hámark 12 nemendur)

Þri. kl. 18 og mið. kl. 17 í stofu 2

Fyrir lengra komna (ca. 4 - 7 bekk í tónfræði)

Kennari: Magni Freyr Þórisson

Í þessu námskeiði verður farið í grunninn að spuna í jazz tónlist. Kannt þú C-dúr tónstiga? Hvað gerist ef við bætum við nótum sem eru ekki í C-dúr tónstiganum? Hvernig lætur maður það hljóma vel? Hvað eru sjöundarhljómar? Hvernig eru þeir notaðir í jazz tónlist?

15- Hlutverk kvikmyndatónlistar, Námskeiðið er í tveimur hlutum 2 x 60 mín, nemendur mæta í bæði skiptin (hámark 8 nemendur)

Þri. og fös. kl. 15 í stofu 1

Kennari: Helgi Heiðar Stefánsson

Nokkur atriði úr kvikmyndum skoðuð þar sem tónlist skipar stóran sess og skoðað hversu mikilvæg tónlistin er.

16- "Skrítin" tónlist, 60 mín. 2x (ekkert hámark)

Þri. kl. 17 í gamla bakhúsi og mið. kl. 16 í Biðstofu

Kennari: Helgi Heiðar Stefánsson

Smá kynning á ýmsum aðferðum við að brjóta hefðbundna tónlist upp og búa til eitthvað allt öðruvísi en áður hafði heyrst. Skrúfur og strokleður inni í píanóum og ýmislegt annað óvænt.

17- Eru Bítlarnir bestir? 60 mín. 1x (ekkert hámark)

Föst. kl. 16 í stofu 1

Kennari: Helgi Heiðar Stefánsson

Bítlaplötturnar skoðaðar og hlustað á bestu lögin. Hvernig voru lögin (og hárið) þegar þeir voru að leggja af stað í kringum 1962 og hvernig voru lögin svo (og hárlubbarnir) þegar þeir hættu 1970?

18A- Lifandi tónsmiðja, 60 mín. 2x (hámark 10 nemendur), fyrir 6-9 ára.

Þri. kl. 16 í biðstofu og fös. kl. 16 í stofu 3

Kennari: Ásthildur Ákadóttir

Leynist tónskáld í þér? Búum til lög saman með því að teikna og mála, prufa hljóðfæri og spila verkin saman.

18B- Lifandi tónsmiðja, 60 mín. 2x (hámark 10 nemendur), fyrir 10-13 ára.

Þri. kl. 15 í biðstofu og fös. kl. 15 í stofu 3

Kennari: Ásthildur Ákadóttir

Leynist tónskáld í þér? Búum til lög saman með því að teikna og mála, prufa hljóðfæri og spila verkin saman.

19- Er ekki gaman að spila á tónleikum?? 45 mín. 6x (hámark 10 nemendur)

Þri. og fim. kl. 15, 17 og 18 í stofu 1 og gamla bakhúsi

Kennarar: Áslaug Gunnarsdóttir og Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir

Hér verður farið í góð ráð í sviðsframkomu, undirbúning fyrir tónleika og líkamsbeitingu. Ræðum það sem getur gerst á tónleikum og undirbúum okkur fyrir óvæntar upptakur.

20- Nótnagaman, 60 mín. 2x (hámark 5 nemendur)

Þri. kl. 17 og fös. kl. 15 í stofu 2

Kennari: Hrafnhildur Hafliðadóttir

Æfum okkur að lesa nótur í gegnum leik, skjá og kubba. Frábært fyrir krakka sem eru á 1. eða 2. ári í skólanum.

21- Lærum að spila frá öllum nótum, 60 mín. 2x (hámark 4)

Mið kl. 15 og fös. kl. 16 í gamla bakhúsi

Námskeið fyrir píanónemendur

Kennari: Hrafnhildur Hafliðadóttir

Leikum okkur saman á hljóðfærinu og lærum að spila lög frá mörgum mismunandi nótum með skemmtilegu undirspili.

22- Lærum að spila frá öllum nótum 2, 60 mín, 2x (hámark 4)

Mið kl. 16 og fös. kl. 17 í gamla bakhúsi

Námskeið fyrir píanónemendur

Kennari: Hrafnhildur Hafliðadóttir

Lærum að spila lög frá mörgum mismunandi nótum (í mismunandi tóntegundum). Frábært fyrir krakka sem eru að undirbúa grunnpróf eða eru búnir að taka grunnpróf.

23- „Kapla og spuni til lagasmíða“, 60 mín, 2x (hámark 14)

Kennarar: Victoria Tarevskaia og Magni Freyr Þórisson

Þri. og fim. kl. 16 í stofu 1

Hér prófum við okkur áfram í að nota spuna til að skapa tónverk. Hver nemandi uppgötvar eitthvað á sitt hljóðfæri og á „kapla,, (viðarleikföng) sem verður svo partur af tónverki sem nemendur skapa saman. Hvernig vinnum við með hugmyndir til að semja heilt lag? Gakktu til liðs við okkur til að uppgötva galdur sköpunarinnar!

24- Bíósýning, 90 mín. 2x (hámark 60!)

Mán. kl. 18 og fös. kl. 17

Umsjón: Lilja Hákonardóttir

Salurinn uppi breytist í bíósal þar sem sýndar verða bíómyndir þar sem tónlist er í aðalhlutverki.

Endilega komið með popp og nammi með ykkur 😊

25- Samspil, Námskeiðið er í tveimur hlutum 2 x 60 mín, nemendur mæta í bæði skiptin (hámark 8 nemendur)

I. Mán. og fim. kl. 16 í gamla bakhúsi

II. Þri. kl. 16 og fös. kl. 15 í gamla bakhúsi

III. Mán. og mið. kl. 17 í gamla bakhúsi

Kennari: Ólöf Jónsdóttir

Samspil er skemmtilegt val fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á að spila með öðrum, hvort heldur marghent verk á píanó eða fá reynslu í að spila með fleiri hljóðfærum. Píanónemendur verða að hafa lokið Grunnprófi eða stefna á að ljúka því í vor.

26- Saga Flautunnar, 1x60 mín (ekkert hámark)

Mið. kl. 16 í stofu 2

Kennari: Lilja Hákonardóttir

Hvernig þróaðist flautan frá því að vera einföld trúflauta án klappa yfir í flókna flautu úr málm?

Til sýnis verða flautur af ýmsum stærðum og gerðum.

27 – Tónahús, 30 mín. 4x (hámark 6 nemendur)

Mán. og mið. kl. 15 í stofu 1

Kennari: Íris Rós Ragnhildardóttir

Nemendur leysa skemmtilegar þrautir sem ganga út á rythma, hreyfingu við tónlist, söng, tónbil og fleira. Með því að leysa hverja þraut fá þau að ganga í gegnum Tónahúsið sem er sett upp sem þrautabraut.

28- Samspil fyrir saxófon, Námskeiðið er í tveimur hlutum 2 x 60 mín, nemendur mæta í bæði skiptin (hámark 8 nemendur)

Þri. í stofu 3 kl. 17 og fim kl. 15 í stofu 2

Kennari: Finn Schofield**29 - Samspil fyrir klarinett**, Námskeiðið er í tveimur hlutum 2 x 60 mín, nemendur mæta í bæði skiptin (hámark 8 nemendur)

Þri. í stofu 3 kl. 18 og fim kl. 16 í stofu 2

Kennari: Finn Schofield**30 - Spurningakeppni (pub quiz)**, 60 mín. 1x (ekker hámark)

Mið. kl. 18 í stofu 1

Kennari: Magni Freyr Þórisson

Spurningakeppni um alla kima tónlistarinnar, tónlist, tónskáld, tónlistarstílar, hljóðfæri ofl. Tveir saman í liði.

Hver nemandi má mæta á eins mörg námskeið og hann vill, en þarf að **lágmarki að velja 2 mismunandi námskeið, í a.m.k. 3 klst.**

MITT VAL:

Nafn nemanda: _____

Nafn hljóðfærakennara: _____

1. Námskeið nr. _____

2. Námskeið nr. _____

3. Námskeið nr. _____

4. Námskeið nr. _____

5. Námskeið nr. _____

6. Námskeið nr. _____